

Gammafundur 25. janúar 2007
Haldinn að heimili Herthu, Eyktarhæð 5 Garðabæ.

Herta bauð okkur Gammakonum í veislu í tilefni 70 ára afmælis síns í desember síðastliðnum. Á móti okkur tók ung og kvikk kona og er erfitt að ímynda sér að hún Hertha sé 70 ára. Ég held því áfram í líkamsrækt og göngutúrum til að eiga meiri möguleika á að verða svona ungleg sjötug. Herta bauð okkur velkomnar og sagði okkur frá því hvernig Pálína innritaði hana í félagsskap Gammakvenna að henni forspurðri. Hún er samt ákaflega ánægð með þessa framtakssemi Pálínu. Nú var boðið upp á fordrykk og síðan var spjallað og litast um á þessu fallega heimili. Næst setti formaður okkar fundinn, tók nafnakall og las upp nokkrar tilkynningar um námsstyrki, landsambandsþingið o.fl.

Mættir voru: Anhdao, Árný, Björg, Elín, Gerður, Guðný, Helga, Hertha, Hrefna, Ingibjörg Einars, Ingibjörg Jónasar, Jóhanna, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir, Margrét, María, Pálína, Ragnhildur, Rannveig Löve, Rannveig Sig., Sigríður, Sigrún Aðalbjarnar eldri og yngri, Stefanía, Vilborg og Þórunn. Ragnhildur flutti orð til umhugsunar. Hún sagði okkur frá þáttum úr lífi hins merka manns og klerks en um margt sérstaka, Kára Valssonar. Þeir þættir verða ekki raktir hér en hægt er að lesa um Kára í bókinni Merkismenn..... Eins verð ég þó að geta að merkilegt fannst mér að nokkrar Gammakonur þekktu Kára og höfðu verið samferða honum í skóla eða kynnst honum á annan hátt. Gaman var að heyra um þennan einstaka mann.

Sigríður tók síðan til máls og rakti í nokkrum orðum kynni sín af Herthu og kom þar fram að hún Hertha hefur nú ekki verið aðgerðarlaus í lífinu og m.a. unnið mjög gott starf fyrir félagsskap Gammakvenna. Hertha fékk að gjöf silkislæðu hannaða undir áhrifum af verkum Gerðar Helgadóttur myndhöggvara frá félagskonum. Þessu næst var boðið upp á frábærar veitingar t.d. kjötbollur, fyllta sveppi, salöt og síld svo einungis nokkuð sé nefnt. Punkturinn yfir ið var svo kaffi og sætindi af ýmsum gerðum.

Eftir að allir voru mettir og búið að ræða málin góða stund settist Þórunn við orgelið og spilaði undir söng okkar Gammakvenna. Vel var tekið undir og mörg lög sungin. Hertha afhenti Þórunni sænskt lag og texta sem kunningjar hennar í Svíþjóð höfðu sent henni. Vonaði hún að Þórunn gæti látið einhverja söngelska syngja lagið við gott tækifæri. Brátt kvöddu Gammakonur og héldu heim á leið eftir frábæra kvöldstund í vinahópi.

Gert 26. febrúar Björg Eiríksdóttir